

**82** ur ljósmæðradeildarinnar með sér við ljósmæðrastörf í heimahúsum, má greiða  
22. ágúst í þóknun fyrir það allt að 300 krónur á ári hverri um sig.

20. gr.

Kennslustörf yfirlækna Landspítalans við hjúkrunarkvennadeildina eru unnin kauplaust.

Yfirhjúkrunarkonu Landspítalans má greiða í þóknun fyrir kennsluna 300 krónur á ári.

21. gr.

Nú þarf tímakennara við skólann í einhverjum sérgreinum, og má þá greiða þeim tímakennara laun meðan fjárveiting til skólans hrekkur til. Ekki má ráða tímakennara án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er öllum þeim, er hlut eiga að máli, til vitundar gefið til eftirbreytni.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Gissur Bergsteinsson.*

**83**  
24. ágúst

**AUGLÝSING**

um

**sérstaka friðun rjúpna.**

Ráðuneytið hefir í dag gefið út eftirfarandi auglýsingu:

Enn hefir rjúpum lítið fjölgað í landinu, og verður ekki komið hjá því að friða rjúpuna alveg einnig þetta árið. Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar því ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 5. október, skuli á yfirstandandi ári einnig vera friðaðar tímabilið frá 15. október til ársloka.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 24. ágúst 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Gissur Bergsteinsson.*